

98

14. sept.

AUGLÝSING

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörliki.

Samkvæmt reglum frá 26. sept. 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörliki, skal frá 1. október þ. á. blanda allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, með 8% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörliki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt er auglýsing frá 26. sept. 1935 um blöndun á íslenzku smjöri í smjörliki úr gildi felld.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. september 1936.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

99

22. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Í hverju grammi smjörlikis skulu vera 7,5 alþjóðaeiningar af A-fjörefni og 1 alþjóðaeining af D-fjörefni, og er miðað við samþykkt nefndar þjóðabandalagsins á fundi í Lundúnum 1931 um fjörefnaeiningar.

Breyting þessi er gerð með heimild í lögum nr. 61, 28. jan. 1935, sbr. lög nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.